

Fundur nr 21

Skólaráðsfundur 12.12.2016

Klukkan 16.00.

Mættir eru : Hrafnhildur Ágústsdóttir, Einar Gestsson, Helga Jóhanna Úlfarsdóttir, Bolette Höeg Koch, Bryndís Einarsdóttir, Lilja Loftsdóttir, Hafdís Hafsteinsdóttir sem ritar fundargerð.

1. Fjárhagsáætlun

Bolette fór yfir fjárhagsáætlun og útskýrði þar sem tölur hafa hækkað og eða lækkað. Helga spurði hvort ljósritunarvél sem er á dagskrá að kaupa væri kaupleigu með þjónustusamningi eða keypt. Benti hún á að það gæti verið ódýrara að fá kaupleigusamning. Bolette ætlaði að skoða það með sveitarstjóra. Tillaga frá foreldri um að bæta íþróttaaðstöðu. T.d. kaðla í salinn.

2. Heilsueflandi skóli .

Hafdís sagði frá heilsueflandi skóla og þeim liðum sem starfað er eftir.

3. Önnur mál

Lilja benti á að það mætti bæta lýsingu við skólann. T.d. við bílastæðin.

Hrafnhildur bendir á að það þurfi að laga bílastæði starfsmanna.

Bolette segir að á áætlun sé að setja upp stöpla við bílastæðin þannig að keyrt sé í hring og skólabílarnir þurfi ekki að bakka.

Einar benti á að það mætti laga leikvöll barnanna t.d. hjá rólunum og hjá körfuboltavellinum þar sem sandurinn kemur inn á völlinn.

Körfuboltavöllurinn er þannig að vatnið er á vellinum og rennur ekki frá honum.

Spurning hvort þurfi að laga það.

Skoða þarf hitavatnslögn á körfuboltavellinum og fótoltavellinum þar sem hún virkar ekki alveg sem skyldi.

Fundi slitið kl 16.35

Hafdís Hafsteinsdóttir fundarritari.